



**ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK**  
**UNGMENNARÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA**  
**39. FUNDUR.**

39. fundur í Ungmennaráði Húnaþings vestra haldinn föstudaginn 09. nóvember 2016  
kl.15:05 í fundarsal Ráðhússins á Hvammstanga

Fundinn sátu:

Inga Þórey Þórarinsdóttir, aðalmaður, Ástríður Halla Reynisdóttir, aðalmaður, Jóhanna Maj Júlíusdóttir Lundberg, aðalmaður, Ragnar Logi Garðarsson, aðalmaður. Eygló Hrund Guðmundsdóttir, aðalmaður boðaði forföll, Linda Þorleifsdóttir, varamaður. Ásdís Aþena Magnúsdóttir, aðalmaður boðaði forföll.

Embættismenn:

Tanja Ennigarð, Íþróttá- og tólmstundafulltrúi.

Fundarritari:

Inga Þórey Þórarinsdóttir

### **Dagskrá**

1. Kosning um formann
2. Erindi frá Jenný Þórkötlun Magnúsdóttir sviðstjóra fjölskyldusviðs
3. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Inga Þórey Þórarinsdóttir og Ragnar Logi Garðarsson buðu sig bæði fram sem formenn og viku af fundinum á meðan atkvæðagreiðslan fór fram. Atkvæðagreiðsla fór þannig að Inga Þórey hlaut 4 atkvæði í formannskjöri og var samþykkt samhljóða að Ragnar Logi yrði varaformaður.
2. Jenný sviðstjóri fjölskyldusviðs ræddi um hvað er að vera í ungmennaráði og hvað skiptir miklu máli að raddir ungs fólks fái hljómgrunn í samfélaginu. Umræður voru um heimasíðu sveitafélagsins og sagði Jenný að hugmynd væri komin um að breyta og bæta heimasíðu Húnaþings. Einnig var fjallað um reglur og starsemi ráðsins. Hún vék af fundi klukkan 15:48.
3. Talað var um í hvað við getum notað peninginn í sem eftir er að fjárhagsáætlun 2016. Kom upp sú hugmynd að hafa ungmennarþing í grunnskólanum. Spurning um að hafa stuttar kynningar um ungmennaráðið í skólanum. Ákveðið var að bjóða Guðný Hrund að mæta á næsta fund til að ræða um stjórnsýslu og sveitastjórnarmál og Skúla Hún Hilmarsson til vera með kynningu af teikningum af viðbyggingu við íþróttahúsið. Til umræðu kom hvort að fjölga eigi almennings ruslatunnum, Ástríði Höllu Reynisdóttir var falið að sendaínu Björk Ársælsdóttir umhverfisstjóra bréf varðandi þetta mál.

Rætt var um leiksvæði og skólalóð, stefnt er að fáínu Björk Ársælsdóttur á fund á nýju ári til að ræða um skipulagsbreytingar á svæðinu á milli leikskóla og grunnskólans.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16:30

---

Inga Þórey Þórarinsdóttir

---

Ragnar Logi Garðarsson

---

Ástríður Halla Reynisdóttir

---

Tanja Ennigarð

---

Dóra Birna Birgisdóttir

---

Linda Þorleifsdóttir

---

Jóhanna Maj Júlíusdóttur Lundberg

---

Arnar Freyr Geirsson